

eigi tekin til greina, og ber því að heimila framkvæmd umbeðins lögtaks til tryggingar lögtakskröfum á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir þessum úrslitum málsins og með sérstöku tilliti til samkomulagsins frá 29. ágúst 1966 þykir rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda fullan málskostnað í máli þessu, þar með talin málflutningslaun samkvæmt taxta L. M. F. Í., og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 25.000.00.

Valtýr Guðmundsson, skipaður setufógeti, kvað upp úrskurð þennan. Á uppkvaðningunni hefur orðið smávegis dráttur, sem orsakast hefur af önnum við embættisstörf vegna sumarleyfa starfsfólks.

Ályktarorð:

Hin umbeðna lögtaksgerð á að ná fram að ganga.

Gerðarþoli, Hafsild h/f, greiði gerðarbeiðanda, bæjarstjóranum á Seyðisfirði f. h. Vatnsveitu Seyðisfjarðar, kr. 25.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa.

Föstudaginn 17. nóvember 1967.

Nr. 97/1967. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Þórarni Ásgeiri Samúelssyni

(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvikum er rækilega lýst í héraðsdómi. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega fallast á niðurstöðu hans, þó þannig, að refsing ákærða er hæfilega ákveðin kr. 1.000.00 sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektar 2 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 5.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Þórarinn Ásgeir Samúelsson, greiði kr. 1.000.00 sekt í ríkissjóð, en sæti varðhaldi 2 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 5.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. febrúar 1967.

Ár 1967, miðvikudaginn 8. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinsyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 39/1967: Ákæruvaldið gegn Þórnari Ásgeiri Samúelssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 25. nóvember 1966, höfðað á hendur Þórnari Ásgeiri Samúelssyni verkamanni, Miklubraut 16, Reykjavík, fæddum 17. ágúst 1930 að Vindheimum, Tálkna-firði í Barðastrandarsýslu, fyrir að hafa miðvikudagsmorguninn 22. desember 1965 ekið bifreiðinni R 11435 af bifreiðastæði við Hafnarhvol í Reykjavík út á Tryggvagötu í veg fyrir bifreiðina G 1938, sem í sama mund var ekið austur nefnda götu, þannig að árekstur varð milli bifreiðanna.

Telst þetta varða við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 5. mgr. 48. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Sakavottorð ákærða hljóðar svo:

1957 27/9 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.

1958 17/9 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir óskoðaða bifreið.

Málsatvik eru þessi:

Miðvikudaginn 22. desember 1965 klukkan 0940 var lögreglu tilkynnt, að árekstur hefði orðið litlu fyrr í Tryggvagötu móts við bögglaþóststofuna í Reykjavík. Lögreglan fór á staðinn, en þar höfðu rekizt saman sendiferðabifreiðin R 11435, sem ákærði ók, og fólksbifreiðin G 1938. Engar skemmdir urðu á bifreið ákærða, en nokkrar á bifreiðinni G 1938. Bjart veður var og færi þurrt.

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði ekið bifreiðinni R 11435 á hægri ferð úr bifreiðastæði vestan við Hafnarhvol um $1\frac{1}{2}$ —2 metra áfram í átt austur Tryggvagötu. Bifreið, sem stóð í bifreiðastæði næst fyrir aftan bifreið hans, byrgði honum töluvert sýn. Kvaðst hann því ekki hafa séð bifreiðina G 1938, sem ekið var austur Tryggvagötu, fyrr en um leið og snerting varð milli bifreiðanna og hefði hann þá strax hemlað. Ákærði taldi, að bifreiðinni G 1938 hefði verið ekið á um 40 km hraða miðað við klukkustund.

Vitnið Jón Elíasson vélstjóri, Birkihvammi 6, Hafnarfirði, ók bifreiðinni G 1938 austur Tryggvagötu greint sinn. Sagðist vitnið hafa ekið á lítilli ferð, minna en 30 km miðað við klukkustund. Þegar vitnið var að aka fram með bifreið ákærða, kvað það hann skyndilega hafa ekið til hægri út í götuna og í veg fyrir bifreið vitnisins. Reyndi vitnið að sveigja bifreið sinni undan, en ákærði ók aftan til á vinstri hlið bifreiðar þess. Vitnið kvaðst fyrir árekstur hafa ekið eðlilega og beint áfram götuna á réttum vegarhelmingi.

Ákærða bar að sýna sérstaka varúð og víkja skilyrðislaust fyrir umferð, þá er hann sveigði bifreið sinni út á fjölfarna umferðargötu. Svo sem málum hefur verið lýst hér að framan, verður að telja, að hann hafi ekki gætt þeirrar skyldu nægilega. Er háttsemi hans rétt lýst í ákæru, og varðar hún við lagaákvæði þau, sem þar eru rakin. Ákærða var boðið að ljúka málinu með dómsátt, en hann hafnaði þeirri lausn.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn 3.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 3 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Þórarinn Ásgeir Samúelsson, greiði 3.000.00 króna sekt í ríkissjóð, en sæti varðhaldi 3 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 17. nóvember 1967.

Nr. 46/1967. **Sigurður Ármann Magnússon, heildverzlun,**
(Agnar Gústafsson hrl.)

gegn

H/f Eimskipafélagi Íslands
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Farmskírteini. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. marz 1967 og gert þær dómkröfur *aðallega*, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 64.095.95 með 8% ársvöxtum frá 23. júní 1962 til greiðsludags, en til *vara*, að stefnda verði dæmt að greiða framangreinda fjárhæð með vöxtum, svo sem í aðalkröfu greinir, ef áfrýjandi vinni „eið eða drengskaparheit að því, að hann hafi ekki móttengið vörusendingu þá, sem mál þetta er risið af“. Þá hefur áfrýjandi krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var upphaflega höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu 13. febrúar 1963 og dæmt þar 14. nóvember 1964. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar 4. maí 1966 var héraðsdómurinn og málsmeðferð í héraði dæmd ómerk og málinu vísað frá héraðsdómi. Áfrýjandi höfðaði mál af nýju fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu 22. júní 1966.